Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 39.100 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagerðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 26.100 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagerðar skv. töflu c) eru 13.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagerðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 630 10. desember 1996

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	*Kjötvörur úr vörulið 1602:*		29.400		
1602.1001	Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	84
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	84
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.01.-30.06.	-	0	117
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.01.-30.06.	-	0	117
1602.2019	Annað	01.01.-30.06.	-	0	44
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.01.-30.06.	-	0	117
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	78
1602.2029	Annað	01.01.-30.06.	-	0	26
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3109	Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3209	Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3909	Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.4101	Úr svínum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.01.-30.06.	-	0	522
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	343
1602.4109	Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.01.-30.06.	-	0	412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	247
1602.4209	Annað	01.01.-30.06.	-	0	83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.01.-30.06.	-	0	511
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	307
1602.4909	Annað	01.01.-30.06.	-	0	102
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.01.-30.06.	-	0	362
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.01.-30.06.	-	0	304
1602.5009	Annað	01.01.-30.06.	-	0	102
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	265
1602.9019	Annað	01.01.-30.06.	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.01.-30.06.	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	265
1602.9029	Annað	01.01.-30.06.	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	800 kg
vöruliðir	1602.20XX	800 kg
vöruliðir	1602.3XXX	5.800 kg
vöruliðir	1602.4XXX	4.500 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 631 10. desember 1996

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:					
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.97	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.97	ótilgr.	0	5